

Ed.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í stað orðanna „konunginn“ og „konungsvald“ í 99. gr., 2. mgr. 100. gr. og 1. málsgr. 101. gr. almennra hegningarlaga komi „forsetann“ og „forsetavald“.

2. gr.

2. málsgr. 101. gr. laganna orðist svo: Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu fjölskyldu forsetans, þannig að álíta megi að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

3. gr.

Á eftir orðunum: „Hver sem leitast við að aftra því“, í upphafi 102. gr. laganna, bætist inn í orðin „að fram fari kjör forseta“, o. s. frv.

4. gr.

Hvarvetna þar, sem í lögnum segir: „í konunglegri tilskipun“ (33., 37., 43., 45., 47., 266. greinar), komi: „með reglugerð“.

Í stað „konungur“ (85. gr. 1. og 2. málsgr.) og „konung“ (149. gr.) komi „forseti“ og „forsetann“.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því lýðveldið var stofnað, hafa óbreytt staðið refsifyrirmæli XI. kafla hegningarlaganna við brotum gegn konunginum. Þykir rétt, að ákvæðum þessum verði nú breytt. Er jafnframt lagt til, að 102. gr. laganna verði látin berum orðum ná til kjörs forseta sem annarra kosninga, er þar eru taldar. Um leið er lagt til, að breytt verði til, þar sem ákveðið er, að reglur skuli settar með konunglegri tilskipun, svo og þar sem konungur er annars nefndur í lögnum.